

Grunnskóli Vestmannaeyja

Viðbragðsáætlun við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi

Grunnskóli Vestmannaeyja (GRV) vill skapa starfsumhverfi og menningu þar sem öllum líður vel. Slíkt er gert með markvissu forvarnarstarfi, skýrum verkferlum og stuðningi. Það er yfirlýst stefna skólans að innan hans ríki viðhorf sem eru laust við fordóma og mismunun hvort sem er meðvitað eða ómeðvitað og tryggt er að einelti, ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin innan skólans.

Kynbundin og kynferðisleg áreitni, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi er ekki umborið undir neinum kringumstæðum. Slíkt er hvorki liðið í samskiptum starfsfólks og nemenda, meðal starfsfólks eða nemenda innbyrðis. Starfsfólk og nemendur skulu ávallt sýna samstarfsfólki sínu og samnemendum kurteisi og virðingu í samskiptum.

Markmiðið með þessari viðbragðsáætlun er að tryggja að úrræði séu til staðar telji aðili sig hafa orðið fyrir slíkum brotum, að gripið verði samstundis til aðgerða gegn einelti og hvers kyns ofbeldi og málin leidd til lykta.

Í eineltismálum er stuðst við verkferil vegna eineltismála, *Handbók um viðbrögð við samskiptavanda/einelti*.

Varðandi hverslags ofbeldi er stuðst við: *Verklag vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna*.

Skilgreining

- Með **kynbundinni áreitni** er átt við hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi. Áreitni getur verið líkamleg, stafræn, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni.
- Með **kynferðislegri áreitni** er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, stafræn, táknræn og/eða líkamleg. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni.
- Með **kynbundnu ofbeldi** er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.
- Með kynferðislegu ofbeldi er átt við brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Leiðir

Nemendur fá fræðslu um kynbundið ofbeldi og annað ofbeldi og þeim gert ljóst hvert þeir geti leitað eftir aðstoð komi slíkt mál upp, hvort heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks.

Fræðsla til nemenda um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna verði samkvæmt markmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* og skólanámskrá. Í framkvæmdaáætlun jafnréttis kemur fram hvernig fræðslu og forvörnum er háttað í GRV. Forvarnarteymi er starfrækt við skólann og á teymið að tryggja að allir árgangar grunnskólans fá fræðslu um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda. Teymið skal leitast við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni.

Verklag

Markmið verklagsreglna þessara er að tryggja að úrræði sé til staðar telji einstaklingur sig hafa orðið fyrir kynferðislegu og/eða kynbundinni áreitni eða kynferðislegu og/eða kynbundnu ofbeldi.

Í jafnréttisáætlun GRV kemur fram að:

Stjórnendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk og nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað eða í skólanum.

Stjórnendur bera ábyrgð á því að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í þeirra höndum. Mikilvægt er að nemendur fá fræðslu um slíkt mál og viti hvernig bregðast skuli við og hvert eigi að leita búi þeir yfir vitneskju um slíkt. Þá ber starfsmönnum skólans að vera vakandi fyrir einkennum í fari nemenda sem bent gætu til kynferðislegrar áreitni og upplýsa stjórnendur um það.

Komi upp grunur um kynferðislega áreitni eða kynferðislegt ofbeldi eins nemanda eða fleirum gagnvart öðrum er málinu vísað til barnaverndar og eftir atvikum lögreglu.

Hverjum þeim sem býr yfir grun eða vitneskju um að barn búi við vanrækslu, ofbeldi eða sýni af sér áhættusama hegðun er skylt að tilkynna það barnaverndar/lögreglu.

Starfsmenn þurfa:

- Að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og beita faglegum vinnubrögðum.
- Að sjá til þess að mál fari réttan farveg innan stofnunar.
- Að sýna börnum, foreldrum/forráðamönnum og öðrum sem tengjast máli fyllstu nærgætni.
- Að gæta trúnaðar.
- Að halda skráningu um það sem geta verið vísbendingar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barns.
- Að gæta þess að spyrja ekki leiðandi spurninga.

Í framhaldi af tilkynningu um grun um brot af ofangreindu tagi fer eftirfarandi ferli í gang innan skólans:

- Náms- og starfsráðgjafi og stjórnendur hittast og skipuleggja næstu skref.
- Skólaþjónusta Vestmannaeyjabæjar er upplýst um málið og næstu skref.
- Tilkynning og efni hennar eru borin undir barnaverndarnefnd.
- Haft er samband við forráðamenn og fundur með þeim skipulagður.
- Málið er skoðað í samvinnu við barnavernd og rætt við hlutaðeigandi.
- Skólaþjónusta Vestmannaeyja veitir ráðgjöf varðandi úrræði í skóla.
- Skólaþjónusta Vestmannaeyja er upplýst um úrræði, viðbrögð og viðurlög sem gripið er til innan skóla og snýr að málsaðilum.
- Skólafirvöld aðstoða málsaðila við að leita sér sérfræðiaðstoðar meðferðaraðila.
- Ákveði málsaðilar að leita réttar síns munu skólastjórnendur og ráðgjafar skólans vera viðkomandi til aðstoðar.
- Eftirfylgni er höfð með málsaðilum eftir því sem þurfa þykir.
- Þeim sem vinna að viðkvæmum málum innan skólans er skylt að gæta trúnaðar.

Ávallt skal tilkynna kynferðislega áreitni eða ofbeldi til barnaverndar. Meta þarf hvort tilkynna eigi beint til lögreglu.

Viðbrögð

Ef aðilar máls eru í sama námsumhverfi (í sama bekk eða árgangi) þá ber að skoða hvort gera þurfi ráðstafanir varðandi samskipti, samvinnu og samneyti málsaðila. Leitað er eftir samráði við foreldra og barn í því skyni.

Í öllum tilfellum ber stjórnendum að vernda meintan þolanda/þolendur, sjá til þess að hann/þeir séu óhultir gagnvart meintum geranda/gerendum í sameiginlegum rýmum svo sem í skólastofu, í matsal og í íþróttatímum.

Ekki er gert ráð fyrir að flytja til í námi einstakling sem hefur kvartað eða orðið fyrir broti, vegna kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis, nema viðkomandi óski þess.

Gæta þarf að því að allir málsaðilar hafi aðgang að aðila innan skóla sem þeir geta leitað til.

Viðurlög

Viðurlög við broti eru samkvæmt skólareglum. Gerandi verður látinn axla ábyrgð og gæti þá þurft að finna annað skólaúrræði fyrir hann.

VERKLAG

VEGNA GRUNS UM VANRÆKSLU, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN BARN/UNG MENNA

1. GRUNUR UM VANRÆKSLU, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN

Barn leitar til starfsmanns

Grunur starfsmanns um óviðunandi aðstæður

Grunur um að starfsmaður beiti ofbeldi eða sýni óviðeigandi hegðun

Grunur um að foreldri eða sá sem sækir barn sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna

2. SKRÁNING MÁLSATVIKA

Mikilvægt er að starfsmaður skrái eins fljótt og auðið er málsatvik vegna hugsanlegrar tilkynningar og gæti að trúnaði

Skrá jafnóðum ef einhverjar áhyggjur eru, getur verið fljótt að safnast saman þegar skoðað er í heild.

3. HVERT LEITAR STARFSMAÐUR?

Starfsmaður leitar til stjórnanda eins fljótt og auðið er

Ef starfsmaður nær ekki í stjórnanda og barn er í hættu skal hafa samband við starfsmann barnaverndar í síma 488-2000 eða í síma 112 og láta stjórnanda síðan tafarlaust vita

Ef starfsmaður telur sig ekki getað leitað til stjórnanda skal hann hafa samband við fjölskyldu- og fræðslusvið, 112 eða lögreglu

4. TILKYNNING

Stjórnandi ber ábyrgð á að tilkynna mál til starfsmanns barnaverndar

Tilkynningareyðublað er að finna á vef Vestmannaeyjabæjar: Þjónusta/Félagsþjónusta/barnavernd

Ef atvik koma upp utan skrifstofutíma eða um helgar sem þola ekki bið er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar í síma 112

Skylda er að tilkynna grun um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna/ungmenna